

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alur Álvinnsla (áður Kratus ehf.) Hvalfjörður



| | | | |
|----------------------------|-----------------------------------|--------------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits | 14.6.2019 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Einar Halldórsson |
| Fyrirtæki | Alur Álvinnsla (áður Kratus ehf.) | Eftirlitsmaður | Margrét Bragadóttir |
| Heimili | Klafastaðavegi 4 | Tegund eftirlits | Reglubundið fyrra eftirlit |
| Kennitala | 4307002270 | Flokkur | Verksmiðja |
| Fulltrúi fyrirtækis | Brynja Silness | ÍSAT nr. | 3832 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Ásgerður Þráinsdóttir | Staðsetning | 64,355088 -21,788370 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit hjá Ali álvinnslu. Fram komu 3 ný frávik frá starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var eftirlitið á fundi og farið yfir stöðu frávíka:

- Gamlar birgðir af síuryki er nú farið út og hægt að loka frávikum hvað það varðar.
- Úrbótaáætlun vegna frávíka er varðaði óafgirta lóð og geymslu efna á nærliggjandi lóðum stefndi að verklokum fyrir 1. júní. Búið er taka til á nærliggjandi lóðum en dregist hefur að setja upp girðingu en stefnt er að því að það klárast í sumar.
- Frávik er varðar uppsafnaðar birgðir af saltköku er enn í eftirfylgni, 4000 tonn fóru út nú í mars og ráðgert er að 2000 tonn fari út í nóvember auk 2000 tonna í mars 2020.
- Alur álvinnsla hefur sótt um nýtt starfsleyfi til að heimila vinnslu með saltlausum ferli í verksmiðjunni. Gjallsandur sem skilin er frá í ferlinu er skilað til Norðuráls sem urðar hann í samræmi við sitt starfsleyfi í flæðigryfju.
- Útblástursmælingar. Í síðustu mælingu var flúor yfir mörkum. Skv. rekstraraðila hefur verið pantað sérblandað salt sem skilað hefur góðum árangri við að halda niður styrk flúors í afganginu annarsstaðar. Pöntuð hefur verið önnur mæling hjá NMÍ til að staðfesta að úrbæturnar séu fullnægjandi.
- Búið er að semja við verkfræðistofuna Eflu um að gera hávaðamælingar í júlí.

Nánari útlitun á frávikum má finna í úrbótaáætlun rekstraraðila.

Rætt var um viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa/bráðamengunar hafs og stranda. Leiðbeiningar voru afhentar og farið yfir viðbragðsaðila en hringja skal í Neyðarlínuna 112 ef tilvik sem þarfnast tafarlausra aðgerða koma upp. Neyðarlínan hefur kallar svo til viðeigandi viðbragðsaðila. Senda skal Umhverfisstofnun tilkynningu í kjölfarið á ust@ust.is

Farið var yfir áhættumat til grundvallar á tíðni vettvangsferða fyrir verksmiðjur. Notast verður við áhættumatið til að ákvarða tíðni vettvangsferða á næsta ári.

Rætt var um umhverfismarkmið félagsins en sett hafa verið markmið sem miða að lágmarkun úrgangs og bestun á ferlum innan verksmiðjunnar.

Grænt bókhald og útsreymisbókhald hefur borist til stofnunarinnar en gögnin bárust eftir 1. maí sl og er því skráð sem frávik frá starfsleyfi.

Farið var yfir flutninga úrgangs til erlendra móttökuaðila og minnt á að sækja um útflutningsleyfi með góðum fyrirvara.

| Frávik frá | Lýsing á frávikum |
|------------|---|
| grein 2.14 | Gat er á þaki geymslu í Vogatungu og saltkakan því óvarin fyrir raka. |
| grein 2.5 | Í nýjustu mælingu í útblæstri sem framkvæmd var í apríl er vetnisflúorið aftur yfir mörkum. Rekstraraðili hefur sent inn nýja úrbótaáætlun hvað það varðar og pantað aðra mælingu til að sannreyna virkni úrbóta. |

grein 3.4

Grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi ber að skila fyrir 1.maf ár hvert.

ANNAÐ

Þann 26. júní átti eftirlitsmaður stofnunarinnar leið hjá Vogatungu þar sem rekstraraðili leigir geymslu fyrir saltköku. Hluti af þakinu er skemmdur og er því efnið óvarið fyrir raka.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.08.2019



Einar Halldórsson

